

Reykavík 23. febrúar 2011

Kæri herra forseti, Jón Sigurðsson

Ég heiti Atli Páll Pétursson og er nemandi í 8. bekk Vogaskóla og við erum að byrja að læra um þig og sjálfstæðisbaráttu þína.

Tilfni þessa sendibréfs er framtíð Íslands og hvað þér finnst um þjóðfélagið sem við búum í, í dag.

Ég hef velt því fyrir mér hvort við Íslendingar værum betur settir í dag ef við hefðum verið áfram undir stjórn Dana. Það virðist nefnilega sem við Íslendingar höfum ekki haft nógu góða stjórn á okkar málum á undanförunum árum eins og kreppan hefur kennt okkur. Við virðumst hafa komið okkur sjálf í þau vandræði sem við erum nú í dag vegna þess að við hugsuðum ekki nógu vel um það sem við vorum að gera. Ef við hefðum verið áfram undir stjórn Dana værum við kannski ekki í þeirri kreppu sem við erum í dag. Hvaða skoðun hefur þú á þessu?

Mig langar einnig að spyrja þig hvernig þú, sem bjóst í Danmörku, náðir að hafa svona mikil samskipti við fólk á Íslandi og fá það til fylgis við þig og þínar hugmyndir, þegar þú hafðir ekki aðgang að þeirri tækni sem við höfum í dag. Það hlýtur að hafa verið erfitt, því að það voru engir símar eða tölvur til að hafa samskipti í gegnum. Einungis að skrifa sendibréf eða fréttabréf til að kynna hugmyndir þínar og senda þau með skipum sem voru frekar lengi á leiðinni.

Það er líka merkilegt að þú hafir búið í Danmörku og haft samband við fólk þitt á Íslandi. Þar sem þú varst frekar langt í burtu þá varstu ekki hluti af lífi fólks hér á Íslandi og vissir því ekki hvað það var að hugsa á hverjum degi.

Mér finnst merkilegt að þú hafir komið utan af landi og náð að læra hér og í Danmörku og verða síðan forseti Alþingis og virtastur manna á Íslandi.

Mér finnst líka leiðinlegt að þú hafir náð svona miklum árangri í sjálfstæðisbaráttu þinni en ekki geta lifað til að sjá Ísland verða fullvalda ríki. Nú ertu talinn einn eftirminnilegasti maður í Íslandssögunni og er haldið upp á afmælið þitt á 17. júní hvert einasta ár.

Það sem mér finnst merkilegast við þig er hvað þú barðist svo vel fyrir sjálfstæði Íslands og það er ekki bara fyrir þig heldur líka fyrir alla þjóðina.

Ég hef verið að spá um hvort að landið okkar væri í betri stöðu núna ef þú værir að stjórna því og þú værir forsetinn hér á landi.

Kveðja,

Atli Páll.